

81. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um samning, er konungsríkið Danmörk annarsvegar og hertogadæmin Slèsvík og Holtsetaland hinsvegar hafa gjört um framfærslu fátækra.

1865.
30. sept.

Eptir að samið hefir verið við hina ædstu stjórn borgaralegra málefna í hertogadæmunum Slèsvík, Holtsetalandi og Lauenborg, sem keisarinn í Austurríki og konungurinn í Prússlandi höfðu sett þar, um meðferð á málefnum um framfærslu fátækra, þá er Danmörk er annarsvegar og hertogadæmin Slèsvík og Holtsetaland hinsvegar, hefir um þetta efni verið gjörður samningur sá, sem skýrt er frá í auglýsing innanríkisstjórnarinnar 12. f. m.,¹ og fylgir hún með bréfi þessu.

Þetta er yður, herra (tit.), hërmed kunngjört yður til leiðbeiningar.

1) Þær greinir í auglýsingunni, sem að þessu lúta, eru svo látandi:

1. grein.

Í viðskiptum milli sveita í konungsríkinu Danmörku og sveita í hertogadæmunum Slèsvík og Holtsetalandi um endurgjald sveitarstyrks og um að taka við mönnum og hyski, sem þurfa slíkan styrk, skal framvegis fylgt sömu reglum, sem giltu um þetta efni áður en stjórnarsambandinu milli konungsríkisins og hertogadæma þessara var slitið; sama skal og vera um þann tíma, sem liðinn er síðan að friðarsamningurinn 30. októbermán. 1864 var gjörður.

5. grein.

Frá 15. deg. þ. m. skal í viðskiptum milli sveita í konungsríkinu Danmörku annarsvegar og sveita í hertogadæmunum Slèsvík og Holtsetalandi hinsvegar farið eptir ákvörðunum í lögum handa konungsríkinu Danmörku 12. marzmán. f. á. 1. grein um stærð endurgjalds þess sem krafizt verður fyrir kostnað, er einhver sveit hefir haft til adhjúkrunar mönnum, sem eiga heima í annari sveit.

6. grein.

Ákvarðanirnar í 1. og 5. grein skulu því að eins gilda, að báðir málpartar láti hvorn annan njóta sama réttar, og ef að öðrum hvorum ekki þykir lengur æskilegt að skipulag það haldist, er nú hefir sett verið, skal gefinn kostur á að segja því lokið með 4 mánaða fyrirvara.